



Yfirlýsing varðandi gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni (gr. 3 í SFDR)

Upplýsingar um samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökufærli fjárfestinga, sbr. ákvæði laga nr. 25/2023, sbr. reglugerð ESB nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálalþjónustu.

SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði, þar með talið lífeyrissjóðir, meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreindur atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna (UFS) sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar, sbr. 22. tölulið, 2. gr. SFDR. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessar upplýsingar eru gefnar út 27. júní 2025 og verða uppfærðar þegar tilefni er til.

Yfirlýsing um gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni, sbr. 3. gr. SFDR¹

Til að stuðla að því að fjárfestingarákvarðanir séu byggðar á viðeigandi upplýsingum vinnur Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) að því að samþætta öflun og greiningu upplýsinga um sjálfbærniþætti í fjárfestingarferli lífeyrissjóðsins í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Í því sambandi er eftir atvikum byggt á vinnu starfsfólks LV, þjónustu ytri ráðgjafa/eignastýringaraðila og gögnum frá greiningaraðilum og ýmsum gagnaveitum.

Stefna LV um ábyrgar fjárfestingar, sem fyrst var birt árið 2021, hefur verið innleidd og er komin í framkvæmd. Þar kemur fram að samþætting UFS greiningar felist í skipulegri beitingu UFS greiningar í fjárfestingarferli og stýringu eignasafna til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu.

Sjálfbærnimat er nú hluti af hefðbundinni fjármálagreiningu við mat á fjárfestingarkostum og eignastýrendum. Í fjárfestingarferli er aflað upplýsinga um sjálfbærniþætti í starfsemi viðkomandi útgefanda og þær upplýsingar hafðar til hliðsjónar samhliða greiningu á fjárhagsupplýsingum og tengdum þáttum. Þættir sem almennt er litið til og lagt mat á hjá útgefanda fjármálagernings, sem liður í áreiðanleikakönnun í fjárfestingarferli eru eftir atvikum:

- a) Stjórnarhættir
- b) Sjálfbærnistefna útgefanda og önnur upplýsingagjöf tengd sjálfbærni
- c) Fjárhagslega mikilvægir sjálfbærniþættir sem eiga við um viðkomandi útgefanda og starfsemi í samræmi við þá atvinnugrein sem viðkomandi starfar í
- d) Lykilmælikvarðar sem sýna m.a. jákvæð og neikvæð áhrif fjárfestingar á sjálfbærniþætti
- e) Ef um er að ræða skuldabréf, hvort þau séu gefin út undir grænum ramma
- f) Hvort útgefendur hafi sjálfbærnimat frá þriðja aðila
- g) Fleiri þættir eftir atvikum.

¹SFDR reglugerðin



Eignastýrendur og sjóðir

LV hefur útfært eigin aðferðarfræði við mat á sjálfbærniþróun eignaþingra sjóðsins og tekur matið bæði til stýranda skráðra og óskráðra verðbréfa. Matið er m.a. byggt á forskrift PRI og ILPA og tekur til helstu sjálfbærniþátta viðkomandi stýranda, m.a. hvort viðkomandi eignastýrandi/sjóður hafi sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hvernig aðferðarfræði ábyrga fjárfestinga er beitt við val á undirliggjandi útgefendum. Til stuðnings því mati er meginreglan sú að LV sendir spurningalista til viðkomandi eignastýranda/sjóðs til öflunar upplýsinga um sjálfbærni í starfsemi og fjárfestingarferli þeirra.

Við mat á verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum er jafnframt horft til þess hvort þeir séu flokkaðir sem 6. gr., 8. gr. eða 9. gr. sjóðir samkvæmt SFDR:

- 6. gr. : sjóðir sem samþætta ekki sjálfbærni í fjárfestingarferli
- 8. gr. : sjóðir sem efla umhverfislega og félagslega þætti
- 9. gr. : sjóðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Skimun

Samkvæmt stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar er gert ráð fyrir að við mat á fjárfestingarkostum sé unnt að beita formlegri skimun m.t.t. tiltekinna sjálfbærniþátta. Skimun getur verið jákvæð, þ.e. fjárfest í útgefenda byggt á viðmiðum, eða neikvæð, þ.e. útgefandi er útilokaður eða seldur.

LV hefur samþykkt stefnu um útilokun fjárfestingarkosta úr eignasöfnum LV með tilliti til ábyrga fjárfestinga. Með útilokun er átt við að LV forðast eignarhald á verðbréfum sem gefin eru út af tilteknum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. LV leggur þannig áherslu á að útiloka fjármálagerninga úr eignasafni sínu séu þau gefin út af fyrirtæki eða opinberum aðila sem hefur tekjur af tiltekinni starfsemi eða gerist brotlegur við ákvæði tiltekinna alþjóðasáttmála. Útilokun er helst hægt að beita þar sem eignir eru í virkri stýringu. Þeir starfsþættir sem útilokaðir eru úr eignasöfnum LV eru:

- framleiðendur tóbaks
- framleiðendur umdeilda vopna
- tilteknir flokkar jarðefnaeldsneytis og,
- útgefendur sem brjóta gegn tilteknum alþjóðasamningum sem falla undir UN Global Compact
- Sjá nánar í stefnu um útilokun í eignasöfnum LV, [hér](#).

Eftirfarandi stefnur LV varða einnig með einum eða öðrum hætti meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og áherslu á ábyrgar fjárfestingar:

- a) Stefna um ábyrgar fjárfestingar
- b) Útilokun fjárfestingarkosta
- c) Fjárfestingarstefna
- d) Hluthafastefna
- e) Áhættustefna og áhættustýringarstefna



Dæmi um samstarf sem LV tekur þátt í til að styðja við innleiðingu verklags varðandi ábyrgar fjárfestingar og stýringu áhættu tengdri sjálfbærni í eignasöfnum LV:

- a) CIC – Climate Investment Coalition
- b) Festa – miðstöð um sjálfbærni
- c) IcelandSIF
- d) PRI – Principles for Responsible Investment

Sjá nánari upplýsingar á vef LV:

www.live.is

[Ábyrgar fjárfestingar | Lífeyrissjóður verzlunarmanna \(live.is\)](#)

Áhættustefna (live.is)

Breytingaskrá

Dagsetning	Útgáfa	Athugasemdir/breytingar
22. júní 2023	1.0	Fyrsta útgáfa
27. júní 2025	2.0	Uppfærð útgáfa í samræmi við framvindu LV við framkvæmd sjálfbærnigreininga og samþættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunarferli.